



9. BEKKUR

VETURINN 2009 -2010

Ágætu foreldrar/forráðamenn.

Þá er vetrarstarfið hæfið og eins og áður leggjum við áherslu á að nemendum líði vel í skólanum og að námsumhverfið sé gott. Til þess að það geti orðið þarf að brýna fyrir nemendum að vera stundvísir, sýna góða hegðun og vinnusemi bæði í skólanum og heima, fá nægan svefn og borða reglulega. Foreldrar eru hvattir til að fylgjast vel með námi og félagslífi barna sinna og aðstoða þau eftir föngum. Mikilvægt er að nemendur temji sér sjálfstæð vinnubrögð og vandvirkni, læri að skipuleggja vinnu sína og beri ábyrgð á henni. Í því sambandi er vert að benda á að ætlast er til að nemendur afli sér upplýsinga um heimanám þá daga sem þeir eru frá vegna veikinda eða annars. Kennarar skrá heimavinnu inn á Fjölskylduvef Mentors og einnig koma þar fram ýmsar tilkynningar frá skólanum og kennurum. Því er ykkur bent á að fylgjast vel með Fjölskylduvefnum á slóðinni <http://mentor.is>. Nemendur hafa einnig eigin aðgang að vefnum sem gefur ekki eins ítarlegan aðgang eins og foreldrar hafa.

Foreldrar komu ásamt nemendum í viðtal í upphafi skólaárs. Tilgangurinn var að fá nemendur til að velta fyrir sé stöðunni og setja markmið fyrir veturinn. Um miðja önn og aftur í janúar er svo ætlunin að umsjónarkennarar ræði við nemendur, fari yfir markmiðin og velti fyrir sér hvernig gangi að ná þeim. Hefðbundin haustannapróf verða ekki, heldur prófa kennarar í kennslustundum og/eða meta afraksturinn eftir öðrum leiðum.

Skólinn hefur innleitt SMT skólafærni þar sem markmiðið er að breyta óæskilegri hegðun nemenda með jákvæðri hvatningu. Áhersla er lögð á skýr fyrirmæli og að styrkja æskilega hegðun.

Að lokum viljum við benda foreldrum á að hafa sem oftast samband við undirritaðar og að þeir eru ávallt velkomnir í skólann.

Bestu kveðjur frá umsjónarkennurum með ósk um gott samstarf!

Björk Jónsdóttir bjorkjons@akmennt.is

Sonja Björk Dagsdóttir sonjabdags@akmennt.is

Íslenska

Aðaláherslur: Nemendur verða þjálfaðir í lestri, ritun, töluðu máli, málfræði og stafsetningu. Mikil áhersla verður lögð á lestur. Nemendur munu velja bækur til að lesa auk þess sem árgangurinn allur mun lesa þrjár sögur, eina Íslendingasögu og tvær nútímasögur auk smásagna. Verkefni verða unnin í tengslum við lesturinn, bæði skrifleg og munnleg, auk þess sem ein bókmenntaritgerð verður skrifuð. Horft verður á íslenska kvikmynd og verkefni unnið í tengslum við hana. Einnig verður fjallað um ljóð. Nemendur flytja ljóð, semja, túlka og myndskreyta. Lögð verður áhersla á að nemendur geti tjáð sig í rituðu máli með fjölbreyttum orðaforða, rétttri notkun greinarmerkja og stafsetningar. Nemendur verða þjálfaðir í framsögn og tjáningu.

Kennsluhættir: Kennari leggur inn nýtt efni annað hvort frá töflu eða einstaklingslega. Nemendur vinna svo einir eða í litlum hópum að verkefnum í námsefninu ýmist skriflega, munnlega eða myndrænt.

Námsefni: Við Urðarbrunn, Gunnlaugs saga Ormstungu, Þar sem djöflaeyjan rís, Orðhákur 2, Smáorð, Finnur II, Málfinnur, Ljóðahefti og ýmsar handbækur.

Uppákomur og heimsóknir: Dagur íslenskrar tungu er haldinn hátíðlegur í samstarfi við aðra skóla í bænum. Þórgímur Þránínsson mun heimsækja skólann í október.

Heimanám: Flesta daga er eitthvert heimanám og er það tengt því sem verið er að fjalla um í kennslustundum á hverjum tíma. Ritgerðir verða að stærstum hluta unnar heima. Fyrir bókmenntatíma er mikilvægt að nemendur lesi heima það sem sett er fyrir hverju sinni svo þeir séu vel í stakk búnir til að fylgjast með og taka þátt í umræðum í tímum.

Námsmat: Byggt er á stöðugu eftirliti með vinnu nemenda og það haft í samræmi við þau markmið sem sett eru og innihald kennslunnar og kannanir lagðar fyrir reglulega. Öll próf, verkefni og vinna nemenda hafa áhrif á einkunn. Próf og kannanir gilda 60%, verkefni, og ástundun 40%.

Kennslustundafjöldi: 5 stundir á viku.

Kennarar: Helga Lyngdal, Erna Björg Guðjónsdóttir og Sigrún Sigurðardóttir.

Stærðfræði

Aðaláherslur: Að nemendur öðlist góða þekkingu og skilning á helstu þáttum stærðfræðinnar. Eitt af meginmarkmiðum með stærðfræðikennslunni er að nemandinn nái valdi á stærðfræðilegri hugsun. Nemendur eru hvattir til að tjá hugsun sína munnlega og ræða um lausnir verkefna bæði við kennara og samnemendur.

Á fyrri önn verða aðalviðfangsefnin reglur og reikningur, tölfræði, metrakerfið, tölur, rými, algebra, jöfnur og gröf, talnameðferð, rökfræði og mengi, stærðfræði í daglegu lífi og almenn brot. Á seinni önn verða aðalviðfangsefnin hlutföll, stæður, tölfræði og líkindi, jöfnur, fjármál, hyrningar, hringir og tími.

Kennsluhættir: Ný atriði eru lögð inn frá töflu, einstaklingslega eða í litlum hópum og nemendur glósa í vasabók eða reikningsbók þegar við á. Í framhaldi af því vinna nemendur að verkefnum í kennslubókinni. Áhersla er lögð á að nemendur hjálpist að við lausn verkefna. Ætlast er til að nemendur sýni aðferð við lausn allra dæma nema annað sé tekið fram.

Námsefni: *Átta—10_{2,3} og 4*. Bækurnar eru eign skólans og ber nemendum að fara vel með þær og skila þeim í sama ástandi og þær voru er þeir fengu þær. Einnig verða notuð verkefni frá kennurum.

Uppákomur og heimsóknir: Á degi stærðfræðinnar verða unnin verkefni tengd þema dagsins.

Heimanám: Áætlun er sett fyrir hvern dag eða tímabil og eiga nemendur að vinna eftir henni bæði í skóla og heima.

Námsmat: Kennari metur vinnu og árangur nemenda. Vægi er sem hér segir: Heimavinna þar með talin heimapróf, þátttaka í hópverkefnum, vinnusemi og vinnubrögð 40 %. Kaflapróf, hóppróf, og önnur próf 60 % .

Kennslustundafjöldi: 5 stundir á viku.

Kennarar: Hafdís Kristjánsdóttir, Sigurður Arnarson og Sigurbjörg Bjarnadóttir.

Erlend tungumál

Danska

Aðaláherslur: Áhersla verður lögð á að auka orðaforða nemenda og efla skilning á rituðu máli með textavinnu af ýmsu tagi. Nemendur verða einnig þjálfaðir í ritun á dönsku. Hlustunar- og talæfingar verða reglulega og er stefnt á að gera nemendur færa um að skilja talað mál og tjá sig á dönsku. Í málfræði verður farið í nafnorð, sagnorð og fornöfn. Nemendur lesa smásögur. Þá verður horft á danska kvikmynd, dönsk blöð lesin og ýmsar danskar vefslóðir skoðaðar t.d. í tengslum við hópverkefni.

Kennsluhættir:

Textavinna: Textarnir í *Glimrende* eru mjög mismunandi að lengd og þyngd. Haft er að leiðarljósi að nemendur þjálfist í að beita lestraraðferðunum fjórum, þ.e. leitar-, yfirlits-, nákvæmnis- og hraðlestri og að þeir venjist á að geta sér til um merkingu orða út frá samhengi. Vinnubókin byggist á lesskilnings- og orðaforðaverkefnum sem tengjast þeim textum sem unnið er með hverju sinni. Einnig er unnið með texta á annan hátt, m.a. vinna nemendur hlustunaræfingar, málfræðiæfingar og samtalsæfingar. Stöku sinnum eru unnin hópverkefni. Nemendur lesa smásögur sjálfstætt og taka próf úr þeim.

Hlustun: Hlustunaræfingar úr *Hvad siger du?* Af og til myndbandsverkefni úr *Og det er Danmark*. Byrjað á að glósa ný orð. Æfingar spilaðar jafn oft og þörf krefur.

Málfræði: Kennari fer í málfræðiatríði á töflu og nemendur vinna æfingar í *Grammatik*. Nemendur vinna ritunarverkefni af og til um veturinn og skila og kennari leiðréttir.

Námsgögn: 1 kafli úr *Tænk*, lesbók og vinnubók. (námsefni 8. bekkjar) *Glimrende*, lesbók og vinnubók, *Grammatik*, handbók og vinnuhefti, *Hvad siger du?* (hlustunarefni), *Og det er Danmark* (myndbandsverkefni), smásögur og önnur verkefni úr smíðju kennara.

Athugið að nauðsynlegt er að nemendur hafi aðgang að orðabók.

Uppákomur og heimsóknir: Dagur tungumála er 26. september. 25. september verður einhverskonar uppákoma sem á að vekja athygli á erlendum tungumálum.

Heimanám: Nemendur vinna verkefni í vinnubók og eru þau tengd því sem verið er að fjalla um í kennslustundum á hverjum tíma. Verkefni eru margvísleg lesskilningsverkefni, orðaforðaverkefni, málfræðiverkefni og ritunarverkefni. Jafnframt lesa nemendur smásögur heima.

Skil á heimavinnu eru metin í kennaraeinkunn.

Námsmat: Haustönn: Kannanir (kafla- smásögu- hlustunar- og málfræði-)55%. Ritanir og verkefni 25%. Vinnueinkunn (heimavinna, vinnusemi og vinnubrögð) 20%. Vorönn: Annarpróf og kannanir 70%. Vinnueinkunn (heimavinna, vinnusemi og vinnubrögð) 30%.

Kennslustundafjöldi: 4 stundir á viku.

Kennari: Sonja Dagsdóttir

Enska

Aðaláherslur: Að nemendur auki skilning sinn og orðaforða svo þeir geti lesið og tjáð sig sér til gagns og ánægju. Nemendur munu vinna með texta og farið verður í málfræði s.s. nútíð, þátíð, núliðna tíð, þáliðna tíð, nafnorð, lýsingarorð o.fl.

Nemendur lesa nokkrar smásögur til að þjálfast í lestri og fá örlitla innsýn í enskar bókmenntir. Þeir þurfa að geta fundið upplýsingar í texta, unnið nokkuð sjálfstætt í námsefninu ásamt því að lögð verður áhersla á ritun. Hlustunar- og talæfingar verða lagðar fyrir reglulega svo nemendur þjálfist í að hlusta og segja skoðanir sínar og viðhorf á ensku. Einnig verða unnin stutt hópverkefni.

Kennsluhættir: Kennnd verður bókin *Matrix Pre-Intermediate* og vinnubók sem henni fylgir. Stefnt er að því að fara yfir þrjá til fjóra kafla fyrir áramót og þrjá til fjóra kafla eftir áramót. Lesnir verða textar, hlustað á þá á diskum og unnin verkefni úr les- og vinnubók. Vinnubók er að einhverjum hluta unnin í heimavinnu. Málfræði verður tekin fyrir jafnt og þétt yfir veturinn. Textabækurnar *Move on* og *Accent on English* verða notaðar sem itarefni. Valdar hlustunaræfingar úr *Listening Extra* verða notaðar. Horft verður á eina DVD mynd með enskum texta á hvorri önn og gera nemendur verkefni upp úr þeim. Tölvur verða notaðar af og til og þá farið í málfræðiæfingar á vef *VMA* eða *onestopenglish.com* vefnum. Tölvur verða einnig notaðar við vinnu í hópverkefnum. Eins og við verður komið fer kennslan fram á ensku.

Námsefni: *New Matrix Pre-Intermediate student's book og workbook* auk hlustunarefni af geisladiskum, *Move on, Accent on English 1*, ljósrit úr *Enskur málfræðigrunnur*, ljósrit úr *Listening Extra* og léttlestrarbækur af bókasafni. Textar og kvikmyndir. Annað ítarefni frá kennara.

Uppákomur og heimsóknir: Dagur tungumála er 26. september. Þann dag er einhverskonar uppákoma sem á að vekja athygli á erlendum tungumálum.

Heimanám: Heimanám er sett fyrir allfesta tíma og kannað í byrjun næsta tíma. Að auki vinna nemendur tvö stærri verkefni á vetrinum um myndir sem horft er á í tíma. Skiladagar á þessum verkefnum eru gefnir með góðum fyrirvara.

Námsmat: Haustönn: Kaflapróf 45%, Hlustun 15%, Verkefni (Ritun, hópverkefni, kvikmyndir o.fl.) 20%, Vinnueinkunn (heimavinna, vinnusemi og vinnubrögð) 20%. Vorönn: Vinnueinkunn (heimavinna, vinnusemi og vinnubrögð) 20%, Verkefni og kaflapróf 30%, Lokapróf: 50%.

Kennslustundafjöldi: 4 stundir á viku.

Kennari: Björk Jónsdóttir

Samfélagsgreinar

Landfræði

Aðaláherslur: Á haustönn verður kennd landfræði. Fjallað verður um íbúafjölda jarðar, þróun fólksfjöldans og vandamál fólksfjölgunar. Einnig verður fjallað um ríki utan Evrópu með áherslu á umhverfismál og nýtingu náttúruauðlinda. Þannig eiga nemendur að fá yfirlit yfir ríki heims, skilja samhengi náttúrufræði og samfélags og fjölbreytileika þeirra.

Kennsluhættir: Nemendur lesa textann í námsbókinni heima, í kennslustundum er fjallað um hann og stundum glósað upp úr honum. Nemendur vinna skriflegu verkefni í bókinni og fá að auki verkefnablöð og kortaverkefni frá kennara. Horft verður á myndbönd tengd efninu og stefnt að því að nemendur velji sér ríki og vinni heimildaverkefni.

Námsefni: *Landfræði handa unglimum 2. hefti, Landabréfabók* og efni frá kennara.

Heimanám: Nemendur lesa kafla úr bókinni heima og vinna oftast verkefni sem þeim fylgja.

Námsmat: Um er að ræða símat. Kennari metur verklega og skriflega vinnu nemenda jafnóðum. Kannanir eru lagðar fyrir reglulega eða eftir hvern kafla og heimavinna og vinnusemi í kennslustundum metin. Vægi kannana er 70% af einkunn og ástundun og verkefni 30%.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku u.þ.b. hálfan vetur.

Kennari: Sigrún Sigurðardóttir.

Saga

Aðaláherslur: Fjallað verður um sögu 20. aldar með sérstakri áherslu á Ísland, hernámsárin og þær miklu breytingar sem urðu á íslensku samfélagi eftir síðari heimsstyrjöld.

Kennsluhættir: Nemendur lesa textann í námsbókinni heima, í kennslustundum er fjallað um hann og stundum glósað upp úr honum. Nemendur vinna verkefni bæði einstaklingslega og í hópum. Horft verður á og fjallað um myndbönd tengd efninu. Ef tími vinnst til velja nemendur sér atburð, persónu eða stað sem tengist síðari heimstyrjöldinni og vinna stutt skriflegt heimildaverkefni. Einnig er stefnt að því að horfa á kvikmynd sem gerist í síðari heimsstyrjöldinni og vinna ritunarverkefni/kvikmyndagagnrýni um myndina.

Námsefni: *Stríðsárin á Íslandi*, efni af veraldarvefnum og myndefni frá kennara.

Heimanám: Nemendur lesa kafla úr bókinni heima og vinna oftast verkefni sem þeim fylgja.

Námsmat: Um er að ræða símat. Kennari metur verklega og skriflega vinnu nemenda jafnóðum.

Kannanir eru lagðar fyrir reglulega eða eftir hvern kafla og heimavinna og vinnusemi í kennslustundum metin. Vægi kannana er 70% af einkunn og ástundun og verkefni 30%.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku u.þ.b. hálfan vetur.

Kennari: Sigrún Sigurðardóttir.

Náttúrufræði

Líffræði

Aðaláherslur: Að nemendur kynnist hugtökunum flokkun og flokkunarfræði. Þeir fræðist um sögu flokkunarfræðinnar og um þau flokkunarkerfi sem líffræðingar hafa stuðst við. Fjallað verður um hópa hinna ólíku lífvera sem byggja jörðina. Sérstaklega verður fjallað um fræplöntur, hryggleysingja og hryggdýr. Á vorönn læri nemendur um æxlun mannsins, fæðingu, getnaðarvarnir og kynsjúkdóma.

Kennsluhættir: Fyrirlestrar, umræður, verkefni, sýnikennsla, tilraunir og myndbönd.

Námsefni: *Lifandi veröld* (1., 6., 7. og 8. kafli) og auk ítarefnis. *Um stelpur og stráka* verður kennd á vorönn ásamt heftinu *Kynlíf*. Myndbönd í floknum *Forfallakennarinn* verða sýnd og um þau fjallað á vorönn.

Heimanám: Nemendur lesa kafla úr bókinni heima og vinna verkefni sem þeim fylgja ásamt ýmsum verkefnum frá kennara.

Námsmat: Verkefni, heimavinna og ástundun 30 %, kannanir og annarpróf 70 %.

Kennslustundafjöldi: 3 stundir á viku fyrir áramót og 3 stundir á viku hluta af vorönn.

Kennarar: Hafdís Kristjánsdóttir og Hallfríður Hilmarsdóttir.

Eðlisfræði

Aðaláherslur: Að nemendur kynnist eðli krafta og hvernig þeir eru mældir. Þeir fræðist um núning og flotkraft, um vinnu, orku og afl. Þeir læri um kraftahlutfall og einfaldar vélar og ennfremur um hreyfingu, þyngd og massa. Hugtökin hraði og hröðun verða skýrð og síðan læri nemendur lögmál Newtons um hreyfingu og um hreyfingu fallandi hluta. Þeir kynnist þyngdarlögmáli Newtons og læri að beita því.

Kennsluhættir: Fyrirlestrar, umræður, sýnikennsla, tilraunir og myndbönd.

Námsefni: *Kraftur og hreyfing*, (2. og 3. kafli) auk ítarefnis.

Námsmat: Verkefni, heimavinna og ástundun 30 %, kannanir og annarpróf 70 %.

Kennslustundafjöldi: 3 stundir á viku eftir áramót.

Námsefni vorannar skiptist í tvo hluta; eðlisfræði og kynfræðslu.

Kennarar: Hafdís Kristjánsdóttir og Hallfríður Hilmarsdóttir.

Lífsleikni

Aðaláherslur: Lögð verður áhersla á sjálfsþekkingu, samskipti, tilfinningar, siðfræði og umræður um ýmis málefni sem varða hag einstaklingsins í samfélaginu og/eða eru efst á baugi í samfélaginu hverju sinni. Þar eru meðtalin ýmis álitamál í samtímanum.

Kennsluhættir: Umræður, bekkjarfundir, verkefnavinna, hópavinna og myndbönd. Heimsóknir sérfræðinga.

Námsefni: *Um stelpur og strákar– kynfræðsla* auk ítarefnis frá kennara.

Kennslustundafjöldi: 1 stund á viku.

Kennarar: Umsjónarkennarar, hjúkrunarfræðingur og námsráðgjafi.

Íþróttir- líkams- og heilsurækt

Skólaíþróttir

Aðaláherslur: Að temja nemendum góða umgengni og framkomu og að þeir tileinki sér góða ástundun og virkni í tímum. Að nemendur öðlist færni í knattleikjum og frjálsum íþróttum og taki vel á í þol og styrktaræfingum og auki leikskilning á ýmsum öðrum íþróttagreinum. Að nemandi geri sér grein fyrir mikilvægi góðrar heilsu og líkamsástands. Stuðlað verður að alhliða þroska hvers nemanda, að efla heilsufar hans og afkastagetu. Markvisst íþróttá- og hreyfinám hefur góð áhrif á líkamlega heilsu og jákvæð áhrif á andlega og félagslega líðan, styrkir sjálfsmynd og eykur vellíðan.

Kennsluhættir: Sýnikennsla þar sem kennari kennir nemendum æfingar og leiki og fær þá til að framkvæma. Nemendur vinna mikið í hópum, en þó eru einnig einstaklingsæfingar sem reyna á sjálfstæð vinnubrögð. Ef nemandi getur einhverra hluta vegna ekki tekið þátt í íþróttatíma eða farið í sturtu er viðkomandi vinsamlegast beðinn um að hafa meðferðis miða um það að heiman.

Námsefni: Hreyfileikir, boltaleikir, hringþjálfun, stöðvaþjálfun, fimleikar, frjálssar íþróttir, þrek- og styrktaræfingar, jafnvægisæfingar, knattspyrna, körfuknattleikur, handknattleikur, bandý, blak, borðtennis, hnit, útihlaup og útileikir.

Námsmat: Virkni í tímum, áhugi og ástundun gildir 50%, félagsfærni/samskipti og hegðun 20% og færni 30%.

Ef nemandi getur einhverra hluta vegna ekki tekið þátt í íþróttatíma eða farið í sturtu er viðkomandi vinsamlegast beðinn um að koma með skriflega staðfestingu þess efnis frá foreldrum.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku.

Kennarar: Hansína Gunnarsdóttir og Rainer Jessen

Skólasund

Aðaláherslur: Að nemendur njóti þess að stunda sund og hafi bæði af því lærdóm og ánægju. Að auka vægi sundþjálfunar þar sem efling þrekþátta er höfð að leiðarljósi. Að nemendur nái góðu valdi á nákvæmri útfærslu sundaferða og uppfylla skilyrði 9. stigs við lok skólaárs. Allir gætu þurft á því að halda, hvar og hvenær sem er, að bjarga sér eða öðrum í eða úr vatni og eins er sundiðkun mjög góð og holl hreyfing fyrir líkamann.

Kennsluhættir: Leiðbeiningar, sýnikennsla og skýringar bæði af bakka og ofan í laug. Unnið er bæði sjálfstætt og í hópum Æskilegt er að nemendur mæti með sundgleraugu í skólasundið og í skólasundi er óheimilt að nota stuttbuxur(strandbuxur), því aðeins er leyfður hefðbundin sundfatnaður(sundskýlur og sundbolir).

Námsefni: Bringusund, skrið- og bakskríðsund, skólabaksund, flugsund, marvaði, björgunarsund og leysitök, fatasund, kafsund og stunga af bakka. Leikir, blak, sundknattleikur, boðsundsleikir bretta- og dýnuboðsund.

Námsmat: Nemendur fara í stöðupróf á vetrinum og taka síðan lokapróf að vori í 9. sundstigi. Færni í prófum gildir 30% á móti virkni, áhuga og ástundun sem gildir 50% og félagsfærni/samskipti og hegðun 20%.

9. sundstig:

- 75 m þrisund þ.e. bringusund, baksund og skriðsund (stílsund).
- 8 m kafsund (stílsund).
- 50 m fatasund þar af 6-8 m í kafi, troða marvaða og afklæðast á sundi og synda til baka sömu vegalengd.
- 100 m bringusund á tíma (lágmörk, drengir 2,20 mín., stúlkur 2,25 mín.).
- 50 m skriðsund á tíma (lágmörk, drengir 60 sek, stúlkur 62 sek.).
- 25 m baksund á tíma (lágmörk, drengir 32 sek., stúlkur 34 sek.).
- 500 m viðstöðulaust sund með frjálstri aðferð.

Kennslustundafjöldi: 1 stund á viku.

Kennarar: Rainer Jessen og Páll Viðar Gíslason.

Valgreinar

Efnafræði

Aðaláherslur: Í þessum áfanga verður lögð áhersla á sjálfstæði í vinnubrögðum og frumkvæði við úrvinnslu verkefna. Farið verður í grunnatriði efnafræðinnar; frumefnin, samsetningu efnis, frumeindakennunguna, fasaskipti, efnahvörf, byggingu frumeinda og stillingu efnajafna. Gerðar verða tilraunir sem eiga við efnið hverju sinni.

Kennsluhættir: Fyrirlestrar, umræður, sýnikennsla og tilraunir.

Námsefni: *Efnisheimurinn* eftir Hafþór Guðjónsson ásamt ítarefni.

Heimanám: Nemendur lesa kafla úr bókinni heima og vinna verkefni sem þeim fylgja ásamt ýmsum verkefnum frá kennara.

Námsmat: Verkefni, kannanir, tilraunir og skýrslur 60%. Próf og lokaverkefni 40%.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku.

Kennari: Sigurður Arnarson.

Enska

Aðaláherslur: Lögð verður sérstök áhersla á að dýpka enskukunnáttu nemenda og vekja áhuga þeirra á málinu. Það verður gert með því að lesa bækur, horfa á kvikmyndir og vinna verkefni upp úr þeim, lesa og vinna með efni af vefnum. Unnið verður með orðaforða og oft flóknari ensku en þau læra með bekknum. Mikil áhersla verður lögð á að nemendur þjálfist í því að tjá sig á ensku sér til gagns og gamans. Nemendur koma til með að vinna verkefni sem tengjast sögulegum atburðum í heiminum og þá gjarnan tengdum Englandi eða Bandaríkjunum.

Kennsluhættir: Umræður, einstaklings- para- og hópavinna og tjáning.

Námsefni: Skáldsögur, kvikmyndir, internetið, ljósrit frá kennara og spil.

Námsmat: Verkefni 60% og ástundun, virkni og vinnusemi 40%

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku.

Kennari: Björk Jónsdóttir

Etwinning

Etwinning

Aðaláherslur: Í Etwinning í vetur verður lagt upp með sjálfstæð verkefni sem unnin verða í samvinnu við kennara víðs vegar um Evrópu. Nemendur koma til með að velja í samráði við kennara þessi verkefni úr verkefnagrunni E-twinning.

Kennsluhættir: Unnið verður í tölvum ýmist einn og einn eða í smærri hópum. Flest verkefni sem verða unnin hafa nemendur valið sjálfir. Við munum gefa verkefni út í vef tímariti með öðrum skólum þegar verkefni eru tilbúin.

Námsmat: Námsmatið verður frammistaða í tímum, skil á verkefnum inn á Etwinning svæðið auk þess sem frumkvæði verður metið að verðleikum.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku.

Kennari: Sigurður F. Sigurðarson.

Gerð myndbanda

Aðaláherslur: Að allir nemendur geri myndbönd með mismunandi verkefnum þannig að hver og einn geri eitt myndband tengt hverju verkefni. Að nemendur vinni sjálfstætt að gerð handrits fyrir upptöku, taki upp og klippi saman. Í lokin vinnur hópurinn saman að stuttmynd.

Verefni: Verkefni verða: Tónlistarmyndband, auglýsing, íþróttaviðburður, frétt og stuttmynd.

Kennsluhættir: Nemendur vinna sjálfstætt að handritagerð í tímum en þess utan taka þeir upp eftir skóla. Þeir halda dagbók utan um þann tíma sem þeir skila í þessi verkefni en heildartíminn í vetur er um 72 klst.

Námsmat: Hvert verkefni verður metið af jafningjum, dagbók metin í lok anna.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku að jafnaði.

Kennari: Sigurður F. Sigurðarson.

Handmennt og hönnun

Aðaláherslur: Að hausti er byrjað að fara yfir undirstöðuatriði við meðferð saumavéla, heiti og hugtök sem tengjast saumaskap yfirleitt. Eitt af markmiðum greinarinnar er að nemendur vinni sjálfstætt og sjái möguleika í að útfæra eigin hugmyndir í verk og gera nýja hluti úr gömlum. Byrjað verður með verkefni fyrir Rauðakrossinn, það verkefni heitir Föt sem framlag. Nemendur sauma og þrjúna ungbarnafatnað sem gefin er og sendur til Malavi. Eftir það hafa nemendur nokkuð frjálst val um verkefni; fatasaumur, þrjón, hekl, þæfing, útsaumur og fleira. Þeir læra að sauma flíkur eftir auðveldum sniðum og nota uppskriftir. Þeir fá bók sem þeir eiga að skrifa í eftir hvern tíma hvað þeir gerðu og einnig að rissa í hana hugmyndir sínar.

Kennsluhættir: Innlögn, sýnikennsla, einstaklingskennsla og verklegar æfingar.

Námsmat: Vinnubók 20%, verkefni 40% og vandvirkni, vinnusemi og sjálfstæði 40%

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku.

Kennari: Guðfinna Sverrisdóttir

Heimanám

Aðaláherslur: Nemendur fá hér tækifæri til að sinna heimanámi sínu með aðstoð og leiðsögn kennara.

Námsmat: Vinnusemi, ástundun

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku

Kennari: Gunnlaugur Jóhannsson, Hrefna Frímann, Sigrún Sigurðardóttir

Heimilisfræði

Aðaláherslur: Að nemendur geri sér grein fyrir að hæfileg næring er ein meginforsenda andlegs- og líkamlegs heilbrigðis. Að nemendur þekki heiti og hlutverk helstu næringarefna og viti í hvaða fæðutegundum helstu næringarefni eru. Að nemendur geti unnið sjálfstætt og í samvinnu við aðra og geti farið eftir munnlegum og skriflegum fyrirmælum. Að nemendur geti minnkað og stækkað uppskriftir og breitt úr grömmum í deselíttra og öfugt. Nemendur geri sér grein fyrir mikilvægi hreinlætis við matreiðslu. Matreiddir verða kjöt- og fiskréttir og allar helstu bakstursaðferðir æfðar.

Kennsluhættir: Í byrjun hvers tíma er sest niður og spjallað um verkefni dagsins síðan gengur kennari á milli hópanna og hjálpar til eftir þörfum. Bóklegir tímar eru nokkrir þar sem aðallega verður unnið með bókina matur og menning.

Námsefni: *Heimilisfræði I og II*, ýmsar matreiðslubækur, matur og menning, næringartafla, algeng heimilistæki og hráefni til matargerðar og verkefni frá kennara.

Námsmat: Verklegt próf 25%, skriflegt próf 25% og frammistaða í tímum 50% af lokaeinkunn.

Kennslustundafjöldi: 3 stundir á viku 2/3 úr vetri.

Kennarar: Arnfríður Jóhannsdóttir og Erna Björg Guðjónsdóttir.

Hönnun og smíði

Aðaláherslur: Meginviðfangsefni nemenda er hönnun og smíði nytjahluta. Nemendur vinna með ýmis efni s.s. tré, málm, plast, gler og leður og læra að halda utan um ferlið frá hugmynd að verkefni að fullunninni vöru. Þeir læra einnig hvernig ákveða á festingar og tengingar hluta með hliðsjón af efni og útliti. Farið er yfir grunneiningar rafmagnsfræðinnar og lóðningu ihluta í einfaldri rafrás. Nemendur geta valið úr rafmagnsverkefnum þar sem þeir vinna með lágspennt rafmagn og um leið hanna þeir og smíða umbúðir þannig að vel megi fara. Áhersla er lögð á að nemendur geti ákveðið yfirborðsmeðferð hluta með efni og áhöld í huga og geti gefið hlutum útlit í samræmi við eigin smekk. Nemendur safna í sýnismöppu gögnum yfir þróun og útfærslu sinna hugmynda að verkefnum.

Verkefni: Gestabók, servíetturekki, brauðbakki, lampi og lítið borð eða stóll og ýmis tilfallandi verkefni fyrir skólann. Nemendur geta valið sér önnur sambærileg verkefni sem skila því sama. Önnur verkefni eru í samráði við kennara og taka mið af áhuga og getu nemenda.

Kennsluhættir: Þegar byrjað er á nýju verkefni eða þegar nýtt verkfæri eða vinnuaðferð er tekin fyrir þá er sýnikennsla notuð. Verklegr æfing er stundum notuð í framhaldi af sýnikennslu til að þjálfva nemendur í að beita verkfærum rétt og til að nemendur tileinki sér rétt vinnubrögð. Þegar nemendur eru byrjaðir á sínum verkefnum þá fær hver nemandi leiðsögn og aðstoð eftir þörfum.

Námsmat: Símat þar sem lagt er mat á hugmyndaauðgi og hönnun, umgengni og hegðun, verkfærni og vandvirkni, iðni og afköst. Þessir þættir gilda 40% á móti verkefnum sem gilda 60%.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku.

Kennari: Gunnlaugur Jóhannsson.

Íþróttافرæði

Aðaláherslur: Að nemendur auki sjálfstæð vinnubrögð og tileinki sér reglusamt og heilbriggt lífverni. Að nemendur öðlist aukna þekkingu á flestum þeim íþróttagreinum sem stundaðar eru hvað mest hér á landi. Að nemendur nái að tileinka sér reglulega líkamsrækt og beri virðingu fyrir líkama sínum og rækti hann samviskusamlega.

Námsefni: Boltaíþróttir, badminton, borðtennis, frjálsar íþróttir, fimleikar, boccía, leikir, stöðvaþjálfun, æfingar í tækjasal, þrek- og kraftæfingar, teygjur og slökun.

Kennsluhættir: Verklegrir tímar í íþróttasal bæði undir stjórn kennara og eins fá nemendur að spreyta sig á tímastjórnun.

Námsmat: Nemendur taka ekki próf heldur eru metnir eftir ástundun, áhuga og virkni í tímum.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku.

Kennarar: Páll Gíslason og Rainer Jessen.

Mósaík

Aðaláherslur: Að nemendur læri að búa til nytjahluti úr mósaík og hvernig nota má í mósaík mismunandi efni svo sem litað gler, flísar, gamalt leirtau og skeljar svo dæmi sé tekið. Nemendum er kennt að nota réttar vinnuaðferðir við að brjóta niður flísar, klippa gler, líma og að fúga. Hvert verkefni á að undirbúa á þann hátt að sá hlutur sem tekinn er fyrir er teiknaður upp og munstur fært inn. Mikilvægt er að halda öllum gögnum vel saman svo sem myndum, skissum og öðru sem nemendur hafa stuðst við. Nemendur hafa aðgang að netinu og eiga þeir að nýta sér það og bókasafn skólans til að afla sér upplýsinga um mósaíkgerð. Þær heimildir geta auðveldlega orðið kveikja að þeirra verkum. Mjög gott er ef nemendur geta komið með gamalt brotið leirtau, flísaafanga eða annað sem getur nýst þeim. Einnig má benda á að hægt er að leggja mósaík á gömul borð og aðra sambærilega hluti og við það öðlast þeir nýtt líf. Möguleikarnir eru því óþrjótandi og ráðast yfirleitt af

efnisvali og smekk hvers og eins hverju sinni.

Fjárhagsleg takmörk eru fyrir því hversu stór myndverk nemendur geta tekið fyrir nema þeir leggi til hluta af kostnaði.

Verkefni: Speglar, vasar, skálar, rammar, myndir, lampar, borð, bakkar og fleira .

Kennsluáferðir: Innlögn kennara, sýnikennsla og síðan einstaklingskennsla eftir þörfum hvers nemanda.

Námsmat: Vinnusemi, hugmyndaauðgi, hegðun og sjálfstæði í tímum gildir 40% á móti verkefnum 60%.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku.

Kennari: Gunnlaugur Jóhannsson

Myndmennt

Helstu áherslur: Myndmennt er valgrein og er lögð meiri áhersla á sjálfstæði og þroska og að þjálfna nemendur svo að þeir verði færir um að móta eigin hugmyndir í ýmsan efnivið. Efla hugmyndaflug og sköpunarhæfileika þeirra. Lögð er áhersla á hugmyndaþróun og tilraunir í sköpun ásamt því að nemandi sé fær um að ganga frá verkum til sýningar.

Kennsluhættir: Verkleik kennsla og sýnikennsla í myndmenntastofu.

Viðfangsefni eru m.a. mannlíkaminn og hlutföll hans. Teikning eftir fyrirmynd s.s. uppstillingu og/eða umhverfi. Að nemendur fái að vinna frjálst grafískt myndverk og málverk. Listasaga verður meira tengd viðfangsefnum og listgagnrýni.

Námsefni: *Myndmennt 1 og 2*, ýmsar listaverkabækur, efni af veraldarvefnum, umhverfið o.fl.

Heimsóknir og uppkomur: Heimsókn á Listasafnið.

Námsmat: Hvert verkefni er metið sérstaklega og gilda þau 60% af einkunn. Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði, afköst, hegðun og framkoma gilda 40%.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku.

Kennari: Guðný Lára Gunnarsdóttir.

Stærðfræði

Aðaláherslur: Að treysta betur grunnþætti stærðfræðinnar og reyna að mæta þörfum hvers og eins. Tímarnir eru hugsaðir sem stuðningur við námsefni unglingsáttunda. Nemendur fái þjálfun í því námsefni sem unnið er með í stærðfræðinámi þeirra samkvæmt námsáætlun og jafnframt er lögð áhersla á upprifjun og kennslu í grunnaðgerðum stærðfræðinnar.

Kennsluhættir: Nemendur eru þjálfaðir í að ræða saman um stærðfræðileg viðfangsefni. Nemendur vinna saman og hjálpa hver öðrum þar sem það á við. Kennari gengur á milli nemenda og útskýrir og leiðbeinir. Einnig tekur kennari ákveðin atriði fyrir á töflu og rifjar upp með nemendum sem glósa hjá sér og æfa sig í framhaldinu á verkefnum sem kennari lætur þeim í té. Nemendur eiga að sýna aðferð við lausn allra dæma nema annað sé tekið fram. Þegar þeir hafa lokið áætlun sinni rifja þeir upp námsþætti sem þörf er á.

Námsefni: Leikni – stærðfræði, Leikni – algebra, námsbækur sem nemendur eru með í stærðfræði ásamt efni frá kennurum.

Heimanám: Nemendur þurfa oftast að vinna verkefni tengd námsefni og upprifjun heima sem og að undirbúa sig undir kannanir.

Námsmat: Próf í lok annar 40%. Kannanir, vinnusemi, vinnubrögð og vinna í tímum 60%.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku.

Kennarar: Hrefna Frímann.

Sameiginlegar valgreinar skólanna á Akureyri

Fatahönnun og endurnýting

Aðaláherslur: Að nemandi geti unnið sjálfstætt að eigin textílverki og beiti áunninni þekkingu í hekli, þrjóni, útsaumi, vélsaumi o.fl. Að nemandi sýni frumkvæði að verkefnum og verkefnavali geti beitt helstu áhöldum, verkfærum og tækjum sem notuð eru við textílvinnu. Nemandi geti skipulagt eigið vinnuferli, geri skriflega vinnuáætlun og lauslega uppdrætti / skissur að verkefnum og sjái möguleika í að útfæra eigin hugmyndir í verk og gera nýja hluti úr gömlum.

Verkefni: Farið verður í Rauða krossinn eða Hjálpræðisherinn og keypt föt sem á að breyta. Einnig koma nemendur með föt til að breyta eða nýta á annan hátt. Skissubók verður notuð til að teikna upp hugmyndir.

Kennslufyrirkomulag: Kennsla fer fram einu sinni í viku 2x40 mín allt skólaárið. Heimanám felst í hugmyndavinnu og skissuteikningum. Ef nemandur kjósa að nota ekki það efni sem skólinn býður upp á er þeim frjálst að koma sjálfir með efni/fatnað.

Námsmat: Verkefni eru metin þegar þeim er lokið og við matið er tekið tillit til áhuga, færni og vinnusemi nemenda. Símat.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku og kennt er í Lundarskóla

Kennari: Hafdís Einarsdóttir.

Förðun og tíska

Aðaláherslur: Nemendur þurfa ekki að hafa neina þekkingu í greininni, heldur áhuga á förðun og tísku, því að byrjað verður alveg frá grunni. Förðun, farið er í gegnum meðhöndlun á vörum og áhöldum og umhirðu á húðinni. Farið verður svo í grunn atriði í sambandi við förðun og mismunandi aðferðir sem að hægt er að nota. Fjallað verður um hvernig tíska og förðun fléttast saman, þróun frá mismunandi tímabilum og til dagsins í dag. Skoðaðar verða bækur um tímabilaförðun, tískutímarit og sýningar Nemendur vinna tveir og tveir saman og gera vinnubók með mismunandi verkefnum.

Námsefni: Ljósrit og snyrtivörur frá kennara.

Námsmat: Vinnuappi, sjálfstæð vinnubrögð og áhugi.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku.

Kennari: Soffía Hafþórsdóttir

Handboltaskóli

Aðaláherslur: Boðið er upp á kennslu og þjálfun sem byggir á handboltaæfingum og fræðslu um handbolta.

Námsmat: Tekið er mið af áhugasemi, einbeitingu og árangri.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku.

Kennari: Jóhannes Bjarnason

Knattspyrnskóli Þórs

Aðaláherslur: Fyrst og fremst er æfð knattspyrna í valgreininni, en einnig eiga nemendur að sækja 3-4 fyrirlestra um tengd efni yfir veturinn en þeir eru um helgar. Valgreinin er í boði fyrir bæði drengi og stúlkur. Allir nemendur í valgreininni fá frían æfingagalla. Af hálfu Þórs er skilyrt að þátttakendur verða einnig að æfa knattspyrnu með Þór og þar þurfa þeir að borga sömu æfingagjöld og aðrir í viðkomandi flokkum. Nemendur geta fengið 4 vikustundir fyrir þátttöku í Knattspyrnskólanum, þ.e.a.s. 2 fyrir valgreinina og 2 fyrir þátttöku í æfingum félagsins. Nemendum er frjálst hvort þeir nýta sér vikustundirnar vegna æfingatíma félagsins, þó að þeir séu skilyrtir. Þeir nemendur sem nýta sér að fá metnar vikustundir fyrir æfingatímana, þurfa þá fyrirfram að láta aðstandendur undirrita hliðstætt skjal og aðrir sem fá metna tíma í félagsstörfum eða íþróttum.

Námsmat: Áhugasemi, einbeiting og árangur.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku.

Kennarar: Júlíus Tryggvason

Líkamsrækt - Átak.

Aðaláherslur: Hóþbjálfun í sal undir leiðsögn menntaðra íþróttafræðinga og þolfimikennara. Einnig tækniþjálfun og nemendur fá æfingaáætlanir í tækjasal. Kennari kennir á tækin og fylgist með að æfingar séu rétt framkvæmdar.

Viðfangsefni á borð við þrekhringi, vaxtarmótun, „Body-pump“, „Body-step“, „Body-ballance“ og „Body-combat“ verða í boði.

Staðsetning: Húsnæði Átaks við Strandgötu.

Námsmat: Áhugasemi, einbeiting og árangur.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku.

Kennari: Björk Pálmadóttir

Líkamsrækt – Bjarg

Aðaláherslur: Þetta valfag er fyrir þá sem vilja læra um hvernig maður ber sig að og æfir á líkamsræktarstöð. Kynntar og kenndar verða fjölbreyttar aðferðir til að stunda hreyfingu á líkamsræktarstöð og lögð áhersla á það að gera líkamsrækt og heilbrigðan lífsstíl hluta af daglegu lífi.

Kennslufyrirkomulag: Kennt á tæki í líkamsræktarsal. Einnig verður farið í fjölbreytta hóþbjálfun, þ.e. spinning, BodyPump, Gravity, palla, þrektíma, slökun og teygjur.

Námsmat: Virkni, áhugi og mæting.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku.

Kennarar: Birgitta Guðjónsdóttir og Hansína Þóra Gunnarsdóttir

Matur úr héraði

Aðaláherslur: Að gefa nemendum kost á að þekkja helstu hráefni sem framleidd eru í héraði. Einnig að nemendur skilji mikilvægi þess að kaupa/nota hráefni frá héraði og hverju það skilar í samfélagið. Nemendur læri helstu atriði um borðsiði og hvernig maður ber sig að í boðum.

Kennslufyrirkomulag: Kennt verður hálfan vetur, á þriðjudögum frá kl.13.40 til 16.00 í Kaupvangsstræti 6, á FRÍÐRIK V, auk þess sem farið verður í vettvangsferðir til framleiðanda í héraðinu. Vettvangsferðir geta breyst með stuttum fyrirvara, með tilliti til framleiðanda og aðstæðna hjá þeim.

Kennarar: Friðrik og Arnrun eigendur FRÍÐRIKS V, auk þess sem þau njóta aðstoðar frá starfsfólki sínu.

Spænska

Aðaláherslur: Tungumálið er kynnt og nemendum verður kennt að bjarga sér á spænsku meðal annars með því að æfa einföld samtöl. Farið verður í grunnmálfræði eins og beygingar sagna í nútíð, kyn og tala nafnorða og lýsingarorða, orðaröð í setningu o.fl. Áhersla verður lögð á orðaforða og munnlegar æfingar. Námsfni er valið efni frá kennara.

Námsmat: Vinna nemenda heima og í kennslustundum metin, kannanir gerðar reglulega og próf í lok annar.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku.

Kennari: Rósa Gunnsteinsdóttir

Staðsetning: Síðuskóli

Stórhljómsveit fyrir 8., 9. og 10. bekk

Aðaláherslur: Nemendur velja sér hljóðfæri, læra á það og læra að spila saman í hljómsveit. Dæmi um hljóðfæri sem unnið verður með er: Gítar, bassi, trommur, slagverk, píanó, trompet, trommur, básúnu og bara öll hljóðfæri sem þeim dettur í hug og svo framarlega að þau finnist í Tónlistarskólanum eða í Brekkuskóla Nánar verður farið út í uppruna hljóðfæranna og allskonar afbrigði af hljóðfærunum skoðuð. Nemendur kynnast hljóðfærinu alveg frá grunni.

Kennslufyrirkomulag: Þessi stórhljómsveit gæti svo tekið þátt í hinum ýmsu atburðum sem eru á dagskrá í grunnskólum bæjarins, og jafnvel ef vel gengur farið út á við og spilað fyrir Akureyringa.

Kennslustundafjöldi: Tvær kennslustundir á viku í Brekkuskóla

Kennari: Heimir Ingimarsson

Vetrariþróttir

Aðaláherslur: Skautar: Farið verður í grunnatriði skautaíþróttta, hokkí og krullu. Framvinda kennslunnar fer eftir samsetningu hópsins. Búnaður fyrir nemendur er á staðnum.

Námsmat: Mætingar, frammistaða, framfarir og áhugi.

Kennsla fer fram í skautahöllinni á þriðjudögum frá 13:50-15:10 og er kennt á haustönn.

Skíði: Farið verður í grunnatriði skíðaíþróttta. s.s. svigskíði, gönguskíði og bretti. Námið skiptist í bóklega og verklega tíma. Framvinda kennslunnar fer eftir samsetningu hópsins. Búnaður fyrir nemendur er á staðnum.

Námsmat: mætingar, frammistaða, framfarir og áhugi.

Kennslan fer fram í Hlíðarfjalli á þriðjudögum 13:40-16:20 í 8 vikna lotu á vorönn.

Slóðir

Heimasíða skólans: <http://www.siduskoli.is/>

Fjölskylduvefurinn: <http://www.mentor.is>